

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

Innra mat 2019-2020

Stjórnendur Grunnskólans í Borgarnesi

Grunnskólinn í Borgarnesi

Innra mat

Skólaárið 2019 – 2020

Niðurstöður úr innra mati skólans

Unnið af Huldu Hrönn Sigurðardóttur, Júlíu Guðjónsdóttur, Kristínu Maríu Valgarðsdóttur og Ragnhildi Kristínu Einarsdóttur

Efnisyfirlit

Forsendur innra mats	3
Lagalegur grunnur	3
Tilgangur	3
Framkvæmd	3
Um skólann	4
Niðurstöður úr innra mati 2019-2020	4
Nám og námsárangur	4
Íslenska - lestur	4
Niðurstöður lesfimiþróa	5
Samræmd próf	7
Skólapúlsinn	9
Samantekt	11
Úrbótaáætlun	12
Velliðan og velferð nemenda	13
Úrbótaáætlun	15
Samantekt	16
Jafnrétti í í skólastarfinu	16
Gæðagreinir 9.3 Efling starfsmanna og samvinnu	17
Úrbótaáætlun	18
Samantekt	18
Forysta um framfarir og breytingar	19
Úrbótaáætlun	19
Samantekt	20
Langtímaáætlun um innra mat	20
Sjálfsmatsáætlun 2020 - 2024	20
Gagnaöflun	21

Forsendur innra mats

Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er í VIII kafla, 35. og 36. gr. kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Það skal gert með kerfisbundnum hætti og þeir sem komi að matinu séu starfsmenn skóla, foreldrar og nemendur. Þetta er svokallað innra mat, þ.e. þeir sem starfa í skólanum og að skólastarfinu séu að leggja mat á sitt starf, kennsluna, námið og almennt þá þjónustu sem veitt er í skólanum. Tilgangurinn með þessu er að finna það sem vel er gert, finna það sem þarf að laga og auka þannig enn frekar gæði starfsins og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Niðurstöður úr innra mati á að birta opinberlega. Skv. 37. gr. sömu laga bera sveitarfélög ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt og útbótum sé fylgt eftir.

Tilgangur

Innra mat er lagt fyrir í þeim tilgangi að finna það sem vel er gert í skólastarfinu, finna það sem gera má betur og hvort sú þjónusta sem skólinn veitir er í samræmi við skólanámskrá, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla. Niðurstöður úr innra mati á að nýta vel til að gera starfið enn betra. Á grundvelli niðurstaðna skal gerð tímasett úrbótaáætlun. Mikilvægt er að hún sé raunhæf og henni sé fylgt markvisst eftir. Skýrslu um innra mat skal skila til sveitarfélagsins, strax að skóla loknum að vori.

Framkvæmd

Í langan tíma hefur matskerfið Gæðagreinar verið notað við skólann. Ásamt Gæðagreinum notuðum við fleiri þætti sem fram koma hér að neðan til að fá heildstæðari sýn á skólastarfið sem nær til allra/flestra þátta.

Síðustu tvö árin hafa verið miklar framkvæmdir við skólann, til þess að létta álagið af starfsfólki ákváðu stjórnendur að bera hitann og þungann af innra matinu í vetur. Undir öðrum kringumstæðum þá er matsteymi við skólann virkt. Samkvæmt innra mats áætlun áttu gæðagreinar 6.3 og 9.3 að vera teknir fyrir á vorönn 2019, þeir voru því teknir á haustönn 2019. Vegna aðstæðna þ.e. fjöldatakmarkana og fleiri þátta því tengt, náðist ekki að leggja fyrir fleiri gæðagreina þennan veturinn. Unnið var úr þeim gögnum sem tekin voru fyrir yfir veturinn.

Ákveðið var að nota eftirfarandi þætti til gagnaöflunar:

- Gæðagreinar 6.3 og 9.3
- Skólapúlsinn
- Samræmdu prófin
- Lesfimi
- Starfsmannaviðtöl
- Fundur með starfsfólki í lok skólaár (hvað gekk vel/hvað ekki/ábendingar fyrir næsta skólaár)

Um skólann

Skólaárið 2019 - 2020 voru um það bil 300 nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi, í 1. – 10. bekk. Umsjónarkennarar voru 20. Einkunnarorð skólans eru sjálfstæði, ábyrgð, virðing, samhugur. Á yngsta stigi eru 1. – 4. bekkur, á miðstigi 5. – 7. bekkur og á unglingastigi 8. – 10. bekkur. Töluverð samvinna er innan stiga og einnig eru verkefni þvert á alla árganga. Miklar framkvæmdir hafa verið við skólann, verið er að byggja við og lagfæra eldra húsnæði. Það hefur því verið þrengra um starfsemina síðast liðna tvo vetur en áður. Unnið er að endurbótum á skólalóð og stefnt er að því að skólinn verði fullbúin næsta haust og skólalóð verður tilbúin að hluta

Niðurstöður úr innra mati 2019-2020

Hér að neðan farið í helstu þætti sem skoðaðir voru veturinn 2019 -2020 samkvæmt áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Nám og námsárangur

Skólanámskrá skólans er í takt við aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðum 4.,7. og 10. bekkjar er raðað niður á árganga, Borgarnes -hæfniviðmið. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat frá upphafi skólagöngu og að nemendur nái hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla.

Kennarar vinna námsáætlanir út frá hæfniviðmiðum skólanámskrár. Þar koma fram þeir námsþættir sem teknir eru fyrir, námsefni, námsgögn og námsmat. Kennslulotur eru settar upp í öllum námsgreinum í Mentor og hæfniviðmið / matsviðmið metin jafn og þétt yfir skólaárið þannig að foreldrar, nemendur og kennarar geti séð framvindu náms. Hægt er að skoða hæfnikort nemenda inni á mentor.is.

Íslenska - lestur

Lestur er mikilvægur þáttur í öllu námi barna og því lögð áhersla á að efla lestrarfærni þeirra á öllum námsstigum. Skólinn nýtir sér ýmsar aðferðir við lestrarkennslu m.a. Byrjendalæsi, Fimmuna (e. Daily five), paralestur, yndislestur, lestrarátök o.fl. Skráning og utanumhald heimalesturs er í öllum árgöngum skólans. Árangurinn er síða metinn m.a. með lesfimiþrófum.

Lesfimi er færni sem byggir á lestrarnákvæmni, leshraða og hrynrænum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir eru meðal undirstöðupátta fyrir lesskilning. Nákvæmni felst í að nemendur lesi orð rétt, leshraði lýtur að sjálfvirkni í lestri og hrynrænir þættir að áherslum og hrynjandi. Í lesfimiþrófunum eru metnir tveir fyrstnefndu þættirnir, þ.e. lestrarnákvæmni og leshraði en matskvarði fyrir síðastnefnda þáttinn fylgir einnig.

Í lestrarstefnu leik og grunnskóla Borgarbyggðar, <https://grunnborg.is/skolinn/lestrarstefna/>, er tiltekið að leggja skuli lesfimiþróf MMS fyrir í öllum árgöngum.

Grunnskólinn í Borgarnesi nýtir sér lesfimiþróf MMS og þau viðmið sem þar eru sett fram. Lesfimi er staðlað próf fyrir nemendur í 1.-10. bekk grunnskóla. Prófin eru þrjú fyrir hvern árgang í tveimur útgáfum, alls 20 próf. Þau eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Prófinu er ætlað að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddlestri og framfarir innan árs og milli ára og til að auðvelda eftirfylgni og aðgerðir til umbóta þar sem þeirra er þörf.


Niðurstöður eru skráðar í svokallaðan lesferil. Hver og einn nemandi á sinn lesferil sem spannar alla grunnskólagöngu hans og flyst með honum milli skóla.

Niðurstöður lesfimiþrófa

Stefnt er að því að allir nemendur innan skólans taki lesfimiþróf MMS hvort sem um umtalsverða lestrarörðugleika er að ræða eða ekki. Þátttaka nemenda mælist meiri í öllum árgöngum skólans nema einum en er á landsvísu.

Markmiðið er að meðaltal hvers árgangs sé allavega yfir landsmeðaltali. Samkvæmt MMS skal stefnt að því að meðaltal hvers árgangs verði sem næst viðmiðum 2 að vori. Eftirfarandi myndir og töflur sýna niðurstöður lesfimiþrófa í maí 2020 (mynd 1 og 2).

Á mynd 1 má sjá meðaltal lesinna orða í hverjum árgangi. Viðmiðin eru tilgreind með gráum línum en meðaltal lesinna orða hjá hverjum árgangi í skólanum með blárrí línu. Rauða línan sýnir hinsvegar meðaltal lesinna orða á öllu landinu.



Mynd 1. Meðaltal lesinna orða á mínútu í Grunnskólanum í Borgarnesi (bláa línan), meðaltal lesinna orða á mínútu á landinu öllu (rauða línan) og viðmið 1, 2 og 3 (gráar línur) eftir árgöngum.


Allir árgangar lesa mun fleiri orð að meðaltali en viðmið eitt gera ráð fyrir og margir árgangar eru mjög nálægt því að ná viðmiði tvö.

Á yngsta stigi má sjá að einungis árgangur fjögur hefur náð viðmiði 2 en bæði annar og þriðji árgangur eru mjög nálægt því, vantar einungis 3 til 9 orð uppá. Árgangar þrjú og fögur eru hinsvegar yfir landsmeðaltali, annar árgangur 1 orði frá því en árgangur eitt nokkuð undir.

Á miðstigi eru fimmti og sjöundi árgangur nokkuð nálægt því að ná viðmiði 2 vantar 3 til 17 orð uppá. Sjötti árgangurinn er hinsvegar nokkuð langt frá því að ná viðmiði 2 og er undir landsmeðaltali en fimmti og sjöundi eru báðir yfir landsmeðaltali.

Enginn árgangur á elsta stigi nær viðmiði 2 en þó eru þeir ekki langt frá því 3 til 17 orð. Allir árgangar þar eru þó yfir landsmeðaltali

Á mynd 2 má sjá hlutfall nemenda í hverjum bekk sem náðu viðmiði 1 (gulur), 2 (grænn) og 3 (blár) og einnig hlutfall þess hóps sem ekki náði lægsta viðmiði (rauður) nú í maí 2020. Fremsta súlan sýnir markmið um viðmið að vori.




Mynd 2. Hlutfall nemenda sem lenda undir viðmiðum 1, milli viðmiða 1 og 2, milli viðmiða 2 og 3 og þeirra sem ná viðmiðum 3 og yfir. Á fremstu súlu má sjá hlutfallsviðmið MMS.

Hlutfall nemenda sem eru undir viðmiði 1 fer yfir viðmið Menntamálastofnunar í öllum árgöngum. Hlutfall nemenda í fyrsta árgangi er nokkuð sér á báti þar sem meginþorri þeirra er á viðmiði 1 (gulu) Hins vegar er hlutfall nemenda sem ná viðmiði 2 eða hærra í öðrum bekkjum 23,08% (6. bekkur) til 65,52% (4. bekkur). Þá eru í öllum árgöngum nemendur sem ná viðmiði 3 (blár) núna í maí og eru 41,4% nemenda í fjórða árgangi í þeim hóp og í þriðja árgangi eru það 38,1%.


Samræmd próf

Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í september, ár hvert og fyrir nemendur í 9. bekk í mars. Samræmd próf eru á forræði Menntamálastofnunar. Niðurstöður er hægt að bera saman við árangur skólans árin á undan og við landsmeðaltal. Prófin eru lögð fyrir rafrænt. Allir nemendur á grunnskólaaldri eru skráðir til prófs, en skólastjóra er heimilt að sækja um undanþágu ef ástæða þykir til og þá með samþykki foreldra. Í Grunnskólanum í Borgarnesi gildir sú regla að allir nemendur mæta í próf á prófdögum samræmdra prófa. Hafi verið sótt um undanþágu taka þeir nemendur einstaklingsmiðað skólapróf, rafrænt. Niðurstöður samræmdra prófa eru rýndar vel og nýttar af kennurum til að meta hvort endurskoða þurfi ákveðna þætti í kennslunni. Einnig eru niðurstöðurnar nýttar til að bæta árangur einstakra nemenda og stuðningur er endurskoðaður í kjölfarið.



Mynd 3. Flokkun raðeinkunna 4. árgangur.

4. bekkur þreytti próf í íslensku fimmtudaginn 26. september og í stærðfræði föstudaginn 27. september. Fyrirlagning hófst kl. 9:50 báða dagana. Tæknimálin gengu vel. Allir nemendur notuðu spjaldtölvu við próftöku og þreyttu allir nema tveir próf. Árangur nemenda var betri en á landsvísu, einkum í íslensku. Fundað var með umsjónarkennurum þegar niðurstöður lágu fyrir. Bætt var við sérkennslutímum í stærðfræði 3x í viku fyrir þann hóp sem kom lakast út í tölum og talnaskilningi. 7 nemendur af 27 nýttu sér hlustunarstuðning og/eða lengri próftíma við próftöku.




Mynd 4. Flokkun raðeinkunna 7. árgangur.

7. bekkur þreytti próf í íslensku fimmtudaginn 19. september og í stærðfræði föstudaginn 20. september. Prófin hófust kl. 10:00. Allir nemendur nema einn, mættu til prófs. Allir nemendur notuðu spjaldtölvu við próftöku. Tæknilegir örðugleikar voru töluverðir við fyrirlagningu íslenskuprófsins, betur gekk með tæknimálin í stærðfræðiprófinu, en þó ekki nógu vel. Í ljós kom að um innanhúss vandamál var að ræða, en ekki kerfislægt vandamál hjá Menntamálastofnun. 13 nemendur af 29 nýttu sér hlustunarstuðning og/eða lengri tíma við próftöku.

Árangur nemenda var lakari en árangur á landsvísu. Einkum var það lesskilningur og mælingar sem reyndust nemendum erfið. Í kjölfar þess að niðurstöður lágu fyrir var fundað með kennurum, farið yfir niðurstöður einstakra prófhluta og árangur einstakra nemenda. Sett var fram áætlun um hvernig skuli bregðast við, með tilfærslu sérkennslutíma og breyttra áherslna í stuðningi. Einnig var farið yfir það sem vel gekk og reynt að byggja á þeim styrkleikum sem fram komu. Breyttar áherslur í stærðfræði, sem þegar voru hafnar fyrr í september, virðast henta nemendum vel. Stuðningstímum í stærðfræði var fjölgað frá desember og út skólaárið, auk þess sem tveggja kennara kerfi var í sumum stærðfræðitímum. Þessar breytingar mæltust vel fyrir og nemendum virtist ganga betur að tileinka sér fagið.

Flokkun raðeinkunna
9. árgangur
Grunnskólinn í Borgarnesi, mars 2020




Mynd 5. Flokkun raðeinkunna 9. árgangur.

9. bekkur þreytti próf í íslensku þriðjudaginn 10. mars, í stærðfræði miðvikudaginn 11. mars og í ensku fimmtudaginn 12. mars. Allir nemendur þreyttu próf. . Fyrirlögn gekk vel og nemendur lögðu sig fram við að gera sitt besta. Samkvæmt niðurstöðum eru framfarir nemenda töluverðar, í öllum fögum. Mestar framfarir eru í lesskilningi á ensku og í stærðfræði, þá bæði heildareinkunn og þátturinn reikningur og aðgerðir. Í íslensku var hlutfall nemenda sem fékk B, B+ eða A 52,3% á meðan landsmeðaltal var 59,1. Í stærðfræði var hlutfall nemenda sem fékk B, B+ eða A 47,6% á meðan landsmeðaltal var 57,2%. Farið var yfir niðurstöður með þeim sem kenna viðkomandi fög, rýnt í hvern þátt fyrir sig og lagðar fram tillögur til að viðhalda góðum árangri og stuðningur eins og þurfa þykir.

Skólapúlsinn

Samkvæmt Skólapúlsinum er ánægja nemenda af lestri á landsmeðaltali á þessu skólaári. Tvö skólaárin á undan var skólinn yfir landsmeðaltali í þessum málum eftir að hafa verið undir landsmeðaltali tvö árin þar á undan. (Mynd 3) Rauða línan sýnir vigtað landsmeðaltal og græna línan sýnir meðaltal skólans á kvarðanum. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum.


Ánægja af lestri – ársmeðaltöl



Mynd 6 sýnir breytingar á meðaltali skólans í ánægju af lestri á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Séu skoðaðar fleiri niðurstöður Skólapúlsins má sjá að nokkur munur er á milli árganga og fer ánægja af lestri minnkandi eftir því sem nemendur verða eldri. Í sjötta, sjöunda og áttunda bekk erum við yfir landsmeðaltali en í níunda og tíunda bekk undir landsmeðaltali.


1.3. Áhugi á stærðfræði – Ársmeðaltöl



Mynd 7 sýnir breytingar á meðaltali skólans í áhuga á stærðfræði á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Af ofangreindri mynd má ráða að áhugi á stærðfræði hefur aukist innan skólans og hefur verið yfir landsmeðaltali s.l. þrjú ár.

1.4. Ánægja af náttúrufræði – Ársmeðaltöl



Mynd 7 sýnir breytingar á meðaltali skólans í ánægju af náttúrufræði á milli ára í samanburði við prónunina á landinu í heild.

Ánægja af náttúrufræði mælist einnig yfir landsmeðaltali s.l. þrjú ár. Aðrar niðurstöður varðandi nám sem Skólapúlsinn sýnir okkur er að skólinn er einu stigi undir landsmeðaltali í þrautseigju í námi en var á landsmeðaltali á seinasta skólaári. Þrjú skólaárin þar á undan var hann þó nokkuð undir landsmeðaltali þannig að segja má að þrautseigja í námi sé að aukast með árunum. Trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu eru nokkuð undir landsmeðaltali og ljóst að vinna þarf með þessa þætti hjá nemendum.

Samantekt




Í heildina ná 39,1% nemenda viðmiði 2 í lesfimi en samkvæmt áætlun MMS er stefnt er að því að meðaltal hvers árgangs verði sem næst viðmiðum 2 að vori. Sjö bekkir af 10 eru hinsvegar yfir landsmeðaltali sem er nokkuð ásættanlegt ef við miðum okkur við það viðmið. Hlutfall nemenda sem eru undir viðmiði 1 fer yfir viðmið Menntamálastofnunar í öllum árgöngum og er þörf á að huga að þeim hóp varðandi sérstaka íhlutun og skoða þarf sérstaklega ákveðna árganga með þetta í huga. Tveir að þremur árgöngum sem þreyttu samræmd próf eru undir landsmeðaltali en þó er ánægjulegt að augljósar framfarir má greina hjá þeim árgöngum frá því að þeir þreyttu fyrri samræmd próf. Að sama skapi er ánægjulegt að sjá niðurstöður prófa í 4. bekk þar sem þau voru yfir landsmeðaltali. Ljóst er að ánægja nemenda af lestri fer dalandi í skólanum nú í ár eftir að hafa verið á uppleið og þar þurfum við að spyrna við fótum svo ekki verði framhald þar á. Áhugi á stærðfræði og náttúrufræði er hinsvegar að aukast sem er jákvætt. Vinna þarf með trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi og á eigin námsgetu en jákvæð teikn eru á lofti varðandi þrautseigju nemenda í námi og virðist hún fara hægt og sigandi upp á við.

Úrbótaáætlun

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvernær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Hvetja til notkunar á Pals aðferðinni á miðstigi	Kennarar - stjórnendur	Aldrei	Kennarar fari á námskeið og framkvæmi.	Lesfimi og lesskilningspróf
Leita leiða til að gera íslenskunám nemenda með annað móðurmál en íslensku, árangursríkari	Deildarstjóri sérkennslu og kennarar.	Aldrei	Að hugað sé sérstaklega að þessun nemendahópi í skipulagingu kennslu	Viðtöl við nemendur að vori, þar sem kunnátta er könnuð.
Vinna að því að auka lestraránægju nemenda	Kennarar, starfsmenn bókasafns	Aldrei	Bókakynningar, áhersla á lestur	Með Skólapúlsinum.
Aukinn stuðning við þá nemendur sem koma illa út úr stærðfræði.	Stjórnendur og kennarar.	Aldrei	Skipulag og fjármagn	Samræmd próf
Fara yfir þekkingu nemenda á reikniaðgerðum og talnaþekkingu.	Stærðfræðikennarar	Aldrei	Að hugað sé sérstaklega að þessun nemendahópi í skipulagingu kennslu.	Samræmd próf

Vellíðan og velferð nemenda

Niðurstöður úr Skólapólusi fyrir nokkrum árum gáfu til kynna að vellíðan nemenda var undir landsmeðaltali og það á einnig við um þrautseigju og sjálfsálit. Unnið hefur verið markvisst að því að byggja upp þessa þætti. Skólapólus vorið 2020 sýnir þessa þróun í þessum þremur þáttum sem nefndir eru hér að ofan.




Vellíðan og þrautseigja sýnir jákvæðar breytingar umfram það sem gerist á landsvísu en sjálfsálit virðist fylgja lækkandi meðaltali á landsvísu og alltaf sjónarmun undir.

Hvað einelti varðar þá sveiflumst við um landsmeðaltal, síðustu tvö ár höfum við verið í landsmeðaltali en nú í ár erum við aðeins yfir, landsmeðaltal 5,4 en við 5,6.

Eins og fyrr segir hefur verið gripið til ýmissa ráða til að efla nemendur á þessu sviði. Þar má nefna tilraunaverkefnið „Búbbluna“ sem nú hefur fest sig í sessi í skólanum. Markmiðið með Búbblunni var að finna leiðir til að kynna fyrir nemendum aðferðir til að auka velferð þeirra og vellíðan og flétta þær inn í daglegt skólastarf þannig að allir nemendur skólans hefðu möguleika á því að nýta sér þær. Lögð er áhersla á að nota gagnreyndar aðferðir byggðar á fræðilegum grunni jákvæðrar sálfræði. Þar er boðið upp á hóptíma og einkaviðtöl.

Í Skólapólusi kemur einnig fram að nemendur hafa almennt minni trú á námsgetu sína en jafnaldrar þeirra á Íslandi. Það hefur lítið breyst undanfarin fjögur ár og nú í ár er bilið eilítið breiðara en áður.



Í starfsmannaviðtölum kemur fram að kennarar telja að ekki nógu skilvirkt samstarf við foreldra í einhverjum tilfellum og það sé í þágu velferðar nemenda að það samstarf sé farsælt. Allir eru sammála um að foreldrar gegna mjög mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna sinna. Mikilsvert að skapa traust á milli skóla og heimilis og leggja áherslu á mikilvægu hlutverki foreldra í námi og líðan barna. Þeir benda á að skólinn þurfi að hafa frumkvæði að því að gera foreldra að meiri þátttakendum í námi barna sinna.

Í starfsmannaviðtölum kemur einnig fram að samræma þarf innan skólans samskiptaleiðir milli heimilis og skóla. Kennarar nefna að lagfæra þurfi verkferla sem varða heimalestur.


Eins og áður kemur fram hefur verið unnið að því undanfarin ár að efla skólabrag og bekkjaranda. Kennarar m.a. farið á námskeið t.d. Verkferakistuna nú í vetur sem miðar að því að bæta bekkjarbrag og samskipti milli nemenda.

Í Skólapólusi kemur fram að samband nemenda við kennara hefur farið vaxandi frá skólaárinu 2016 – 2017 og er nú komið vel upp fyrir landsmeðaltal (sjá mynd). Þá kemur fram að agi í tímum hefur aukist að sama skapi (sjá mynd) og ennfremur virk þátttaka nemenda í tímum (sjá mynd).

Samsömun nemenda við nemendahópinn er fyrir neðan landsmeðaltal en fór hækkandi eftir því sem leið á skólaárið. Töluverður munur er á milli árganga og sker einn hópur sig verulega úr hvað þetta varðar, er þá með minni samsömun en hinir árgangarnir.


Í starfsmannaviðtölum telja allir starfsmenn eiga góð samskipti við nemendur en segja að skerpa þurfi á ferlum um hvernig tekið er á agamálum og að stjórnendur ættu að koma fyrir að málum en gert er.

3.2. Samband nemenda við kennara – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

3.3. Agi í tímum – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Úrbótaáætlun

Markmiðssett úrbótaáætlun er hér sett fram.

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvernær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Virkja foreldra til samtarfs	Kennarar, skólastjórnendur	Aldrei	Tala jákvætt um skólastarfið, skapa grundvöll til að foreldrar geti tekið virkan þátt.	Með samtali og niðurstöðum úr könnunum.
Reglubundin nemendaviðtöl	umsjónarkennarar	Aldrei	Kennarar festi tíma til viðtala	Stöðumat til stjórnenda
Samræma upplýsingagjöf til foreldra	Kennarar, stjórnendur	Aldrei	Kanna hvaða leið hentar flestum og gefa út ákveðna línu í þessu sambandi.	Með samtali, rafrænni könnun og foreldrakönnun Skólaláupsins.

Efla sjálfstraust nemenda og trú nemenda á eigin getu	Foreldrar, kennarar, stjórnendur, aðrir starfsmenn	Aldrei	Vinna markvisst með foreldrum að byggja upp sjálfstraust og trú á eigin getu	
Vinna gegn einelti	Nemendur, foreldrar, kennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn skóla	Aldrei	Samvinnu allra aðila.	Niðurstöður Skólapúlsins að vori.

Samantekt

Líðan nemenda er grundvallarþáttur í velferð hans og gengi í skólanum. Nám fer ekki fram ef andleg líðan er ekki góð. Við þurfum að halda áfram á þeirri braut sem við erum komin á en þurfum að huga sérstaklega að því að efla sjálfstraust og trú nemandanna á eigin getu. Baráttan við að kveða niður einelti er endalaus og töluvert hefur verið unnið í þeim þætti á undanförunum árum. Eitt af því sem má betur fara er að virkja foreldrana til samstarfs í meira mæli.

Haga þarf skipulagi námsins á þann hátt að það henti öllum nemendum. Farsælt og skipulagt starf umsjónarkennarans með nemendahópnum er grundvallaratriði, bæði hvað varðar velferð nemendanna og gengi í náminu. Umsjónarkennarinn er sá aðili sem er tengiliður við heimilin og stjórnendur skólans. Finna leið til að virkja foreldrana sem mest og því þurfa boðleiðir að vera skýrar. Skólinn þarf að móta stefnu í þessu efni og gefa hana út þannig að allir kennarar gangi í takt.

Jafnrétti í skólastarfinu

Í desember 2018 skilaði skólinn inn jafnréttisáætlun til Jafnréttisstofu og fékk góða umsögn. Þessi átætlun er metin á hverju ári, sjá <https://grunnborg.is/wp-content/uploads/2020/06/Jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlun-Grunnsk%C3%B3lans-%C3%AD-Borgarnesi.pdf>

Sveitarfélagði er jafnlaunavottað og því er unnið samkvæmt því í skólanum. Á næsta skólaári er „skóli fyrir alla“ í brennidepli. Starfsfólk mun mæta á námskeið þann 14. ágúst sem ber heitið „Öll börnin okkar: Hvernig komum við til móts við fjölbreyttan nemendahóp?“. Er þetta liður í jafna stöðu allra nemenda okkar. Þetta er þáttur sem við munum skoða á haustönn 2020 og styðjumst við Gæðagreina 5.6 – jafnrétti og sanngirni.

Gæðagreinir 9.3 Efling starfsmanna og samvinnu

Gæðagreinir 9.3 er til að meta hvernig tekst að efla forystuhæfni á öllum stigum skólastarfi. Hvernig tekst að til með samvinnu í skólasamfélaginu. Kannað hvernig tekst til með samskipti og hvernig skólabragurinn er. Farið yfir hvernig dreifing verkefna er, valdeflingu starfsfólks og samstarfsaðila.

Í Gæðagreini 9.3 gaf starfsfólk eftirfarandi einkunnir:

- Nám og kennsla eru lykilþættir í skólastarfinu, fær einkunnina 4.
- Tengslamyndun, stuðningur og hvatning, fær einkunnina 5.
- Samtal og samráð, fær einkunnina 4.
- Allir geta haft áhrif, frumkvæði reynsla og þekking virt, fær einkunnina 3,5.
- Styðjandi starfsumhverfi, jöfn ábyrgð og umhyggja, fær einkunnina 3,5.
- Samábyrgð og gagnkvæmur stuðningur alls skólasamfélagsins, fær einkunnina 4.
- Hvatning og að samgleðjast samstarfsfólki, fær einkunnina 4.
- Samstarf til að stuðla að jákvæðri þróun, fær einkunnina 4.

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 9.3 er eftirfarandi:

Sterku hliðarnar okkar

- Umhyggjusemi í garð samstarfsfólks og nemenda
- Hugum vel að námi nemenda okkar.
- Fjölbreyttur hópur starfsmanna, allur að vilja gerður til góðra verka.
- Við vinnum í teyimum.
- Sameiginleg ábyrgð meiri í teymiskennslu.
- Allir leggja sig fram um samstarfið þrátt fyrir plássleysi í vetur.
- Áherslan á nám nemenda.
- Hvatning og stuðningur.
- Hlúum að fjölbreyttum hæfileikum.

Veiku hliðarnar okkar

- Deilum ábyrgð ekki jafnt.
- Vinnum ekki nógu mikið saman.
- Virkjum ekki hæfileika allra.
- Við erum of mikið hvert í sínu horni.
- Úrræðaleysi gagnvart agámálum ákveðinna nemenda.
- Endurskoðum hlutina of lítið.
- Vantar skýrari ramma í verkferla.
- Metum samstarfið ekki nógu oft.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Skýrara samráð
- Samstarf
- Hvetja fólk til afreka
- Samgleðjast yfir árangri.

Tillögur um aðgerðir:

- Fastir samstarfsfundir á stigum, annað en stigsfundir.
- Efla samstarfsandann enn frekar.

Úrbótaáætlun

Hér er sett fram markmiðssett úrbótaáætlun.

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvernær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Auka samvinnu	Allir starfsmenn skóla.	Sífelld í gangi.	Áhuga, virkni.	Með samtali.
Virkja hæfileika allra starfsmanna.	Allir starfsmenn skóla.	Sífelld í gangi.	Starfsmenn gangi í störf sem henta þeim, valgreinar skipulagðar eftir þeim mannauði sem er í skólanum.	Með samtali.
Þetta starfsmannahópin	Allir starfsmenn skóla.	Sífelld í gangi.	Vilja, sameiginleg viðfangsefni utan vinnu, ráðgjöf mannauðsstjóra.	Með samtali.
Skýrari ramma í verkferla	Stjórnendur, fræðslufirvöld	Símat	Tíma til skipulags, verkferlar eins fyrir báða grunnskólana, kynningu á verkferlum.	Með samtali.

Samantekt

Samstarf, samvinna og eining í starfsmannahópnum virðist vera góð. Þó er talið að ábyrgð sé ekki deilt jafnt. Teymisvinnan virðist gefa góða raun og almenn ánægja er með hana. Skýrari ramma þarf í verkferla og samstarfið þarf að meta oft. Tillaga er að fjölgun samráðsfunda á stigum og þess að efla samstarfsandann enn frekar.

Forysta um framfarir og breytingar

Gæðagreinir 6.3 er til að meta skipulag skólans við gerð þróunaráætlunar. Hvernig skólinn innleiðir áætlanir og metur áhrif þeirra á nemendur. Gæðagreinirinn ítrekar þörfina á greinargóðri forgangsröðun sem byggir á upplýsingum úr sjálfsmati. Einnig tengist hann samstarfi milli stofnana um áætlanagerð og framkvæmd til að tryggja virkni.

Í Gæðagreini 6.3 var stuðst við niðurstöður sex hópar, þar sem einn hópurinn skilaði auðu. Gefnar voru eftirfarandi einkunnir:

- Ferli við gerð áætlunar og aðkoma starfsfólks og hagsmunaraðila, fær einkunnina 2,5.
- Mat á árangri og endurspeglun áætlunar á áherslum, fær einkunnina 2.
- Kynnig á þróunaráætlun, fær einkunnina 2.
- Innihald áætlunar, uppbygging og tengsl við sjálfsmat og önnur gögn, fær einkunnina 2.
- Birtingarmynd samstarfs og áhugi á samstarfi, fær einkunnina 3,5.
- Markmið áætlunar á virkni þátttöku allra nemenda, fær einkunnina 2.

Mjög áberandi var við úrlestur gagna úr þessum þætti að einn af hópunum gaf áberandi háar einkunnir, en hinir áberandi lágur.

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 6.3 er eftirfarandi:

Sterku hliðarnar okkar

- Skólasamfélagið í heild hugar að öryggi nemenda okkar.
- Samstarf við skólasamfélagið til að efla starfið.

Veiku hliðarnar okkar

- Við vitum ekki hvaða þróunaráætlanir eru í gangi.
- Vitum mjög lítið um þróunaráætlun.
- Höfum ekki þekkingu á þróunaráætlunum.
- Lítið sem ekkert þróunarstarf.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Tillögur um aðgerðir:

- Að auka þróunarstarf og starfsþróun kennara.

Úrbótaáætlun

Hér er sett fram markmiðssett úrbótaáætlun.

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvernær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
---------------------	----------------------	-------------------------------	-----------------	--------------------------------

Kynna hvað er þróunaráætlun	Stjórnendur	Kynnt að hausti	Kynningu á starfsmannafundi.	Með samtali.
Kynna hvaða þróunaráætlanir eru í gangi og stöðu þeirra.	Kennarar, stjórnendur.	Kynnt á haustönn.	Kynningu á starfsmannafundi.	Með samtali.
Efla þróunarstarf	Kennarar, stjórnendur, fræðslufirvöld	Sífelld í gangi.	Áhuga, virkni, umsóknir um styrki, eftirfylgd.	Með samtali.

Samantekt

Einn hópur skilaði auðu þar sem þeir sem hann skipuðu töldu sig ekki hafa forsendur til að svara spurningum varðandi þróunaráætlanir og innleiðingu þeirra. Ljóst er að kynna þarf þróunaráætlanir, gerð þeirra og innleiðingu fyrir starfsmannahópnum. Fólk virðist ekki átta sig á hvað eru þróunarverkefni ískólanum.

Langtímaáætlun um innra mat

Sjálfsmatsáætlun 2020 - 2024

Taflan hér sýnir áætlun um fyrirlögn kannana og lykilorða fram til ársins 2024.

Viðfangsefni	2020 - 2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Nám og kennsla:				
Inntak, árangur og framfarir		X		X
Skipulag náms og námsumhverfi	x	X	X	x
Kennsluhættir og gæði kennslu	x	x	x	x
Námshættir og námsvitund		x		x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	x		x	
Skóli án aðgreiningar	x		x	

Mannauður:				
Fagmennsta starfsfólks	x	x		x
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað (skólalúps)	x		x	

Stjórnun og skipulag:				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		X		X
Stjórnun skólans		X		x
Faglegt samstarf	x		x	
Skólaþróun og starfsþróun		x		X
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsfáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X		X	

Skólabragur				
Viðmót og menning	x		X	
Velferð og líðan nemenda, jafnrétti	x	x	X	X
Samstarf heimila og skóla, foreldrakönnun (Skólapúls og gæðagreinar)	x		X	

Innra mat				
Framkvæmd innra mats		x		x
Umbótastarf í kjölfar innra mats		x		x

Gagnaöflun

Gögn sem liggja til grundvallar mati verða:

- Gæðagreinar
- Samræmd próf
- Lesfimi
- Starfsmannaviðtöl
- Nemendaviðtöl
- Skólapúlsinn – nemenda – foreldra og starfsmanna
- Sjálmsmat og jafningjamat
- Leiðbeiningar um innra mat frá MMS – gátlistar þar sem við munum aðlaga að okkur